

Nd. **742. Frumvarp til laga** [438. mál]

um breyting á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Stefán Guðmundsson, Garðar Sigurðsson,
Karvel Pálmason, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Til grundvallar stigaútreikningi skal fyrir hvert almanaksár til ársloka 1984 reikna árslaun miðað við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Frá 1. janúar 1985 skulu grundvallarlaun vera 14 100 kr. á mánuði miðað við þáverandi kauplag. Sjóðsstjórn ákveður, að fenginni umsögn kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum þessum í samræmi við breytingar á launum verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt skal hann, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

2. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

3. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur. Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri samkvæmt 3. mgr. 12. gr. hækkar upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 60, 61 eða 62 ára aldurs, um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir þann aldur er réttur til töku ellilífeyris stofnast.

4. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 65 ára aldri og síðan aftur við 70 og 75 ára aldur, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. mgr., og gert var við fyrri úrskurð.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

6. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Falli iðgjaldgreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu áunnin stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldgreiðslu en miðast einungis við áunnin geymd stig.

7. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða (sbr. lög nr. 48/1981) orðist svo:

Árin 1980—1989 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum miðast við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980, 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvert ár 1981—1984, en í byrjun hvers mánaðar árin 1985—1989.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Framangreindar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna eru fram komnar bæði til þess að samræma réttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna réttindum sjóðfélaga annarra lífeyrissjóða, aðallega sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða, og til þess að lagfæra ýmis ákvæði vegna lagasetningar 1981 um ellilífeyrisréttindi sjómanna við 60 ára aldur og

vegna breytinga á lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, sem samþykktar voru á Alþingi 19. desember 1984 (lög nr. 92/1984). Allar leiða breytingarnar til aukinna réttinda sjóðfélaga og skýrist það betur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nágildandi lögum um Lífeyrissjóð sjómanna eru þau grundvallarlaun, sem eftirlaunaréttur miðast við, árslaun samkvæmt næstlægsta taxta Dagsbrúnar. Nýgerðir kjarasamningar ASÍ og vinnuveitenda valda því að óheppilegt þykir að miða grundvallarlaun áfram við ákveðinn kauptaxta. Því er lagt til að í staðinn verði grundvallarlaun ákveðin sem föst krónutala sem breytist eins og laun verkamanna samkvæmt kjarasamningum. Lagt er til að sjóðsstjórn ákveði, að fenginni umsögn Kjararannsóknarnefndar, breytingar á grundvallarlaunum og að grundvallarlaun verði 14 100 kr. miðað við kauplag í janúar 1985. Er þar gengið út frá grundvallarlaunum eins og þau voru 1. júní 1984, 11 605 kr. með hækkun um 12,9% í 13 102 kr. frá 6. nóvember vegna meðalhækkunar launa í fyrsta áfanga kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda. Þá er bætt við 4,8% vegna launaflokkahækkunar og breytinga á starfsaldursákvæðum 1. janúar 1985, og loks er bætt við 2,5% vegna sérstakrar hækkunar á verkamannalaunum sem um var samið í febrúar og mars 1984 og hefur ekki enn haft áhrif á grundvallarlaun. Rétt er að geta þess að breytingar á þessari grein eru í fullu samræmi við breytingar á lögum um eftirlaun til aldraðra og breytingar á reglugerðum aðildarsjóða Sambands almennra lífeyrissjóða (SAL).

Um 2. gr.

Samkvæmt nágildandi lögum verður sjóðfélagi í Lífeyrissjóði sjómanna að hafa áunnið sér a. m. k. 3 stig á 5 árum til þess að eiga rétt á ellilífeyri. Hér er lagt til að ellilífeyrir verði veittur án skilyrða um lágmarkstíma og lágmarksstigainneign. Hinn 1. janúar 1984 gerðist Lífeyrissjóður sjómanna aðili að samkomulagi um samskipti lífeyrissjóða og í því felst m. a. að sjóðurinn stefnir að því að elli-, örorku- og makalífeyrir verði veittur sjóðfélögum án skilyrða um lágmarkstíma og stigainneign eða að viðkomandi sé greiddandi í sjóðinn. Breyting á 1. mgr. 12. gr. er ein af þeim breytingum sem nauðsynlegt er að gera til þess að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið við umrætt samkomulag.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um hækkun ellilífeyris ef sjóðfélagi frestar töku hans frá þeim tíma er réttur til töku stofnast. Í nágildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir hækkun vegna frestunar frá 65 ára aldri, en með lagabreytingu frá 1981 var sjómönnum heimilað, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum (15; 20 og 25 ára sjómennska), að hefja töku ellilífeyris frá 60, 61 eða 62 ára aldri eftir því hve langan sjómennskutíma þeir eiga að baki. Nauðsynlegt þykir að breyta þessu ákvæði þannig að upphæð ellilífeyris hækki vegna frestunar á töku frá þeim tíma sem réttur stofnast fyrst. Sjóðfélagi, sem á rétt á ellilífeyri frá 60 ára aldri, mundi þá fá hækkun vegna frestunar frá 60 ára aldri ef hann kys að hefja ekki töku lífeyris um leið og réttur stofnast en samkvæmt nágildandi ákvæði fær sjóðfélaginn enga hækkun vegna frestunar fyrr en eftir 65 ára aldur.

Um 4. gr.

Hér er um að ræða endurútreikning réttinda sjóðfélaga sem halda áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins eftir að þeir hefja töku ellilífeyris. Eftir að tekið var að greiða sjóðfélögum ellilífeyri frá 60 ára aldri þykir óeðlilegt að endurreikna ekki réttindi sjóðfélaga fyrr en við 75 ára aldur eins og gert er samkvæmt nágildandi lögum, þ. e. að allt að 15 ár geti liðið frá því sjóðfélagi hefur töku lífeyris þangað til bætt er við rétt hans réttindum áunnum

eftir að taka lífeyris hófst. Breyting í þá átt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er umtalsverð aukning á réttindum sjóðfélaga og er lagt til að réttindi verði ávallt endurreiknuð við 65, 70 og 75 ára aldur.

Um 5. gr.

Hér er eingöngu verið að lögfesta skilgreiningu á orðinu sjóðfélagi varðandi rétt til barnalífeyris og samræma orðalag greinarinnar samsvarandi ákvæði í reglugerð sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða. Lagt er til að á eftir orðinu sjóðfélagi í nágildandi ákvæði komi orðin „sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum“.

Um 6. gr.

Á sama hátt og í 2. gr. frumvarpsins er hér lagt til að felld verði niður skilyrði um lágmarkstíma iðgjaldagreiðslna og stigainneign sjóðfélaga (5 ár og 3 stig) til þess að réttur til lífeyris stofnist. Að öðru leyti vísast til athugasemda við 2. gr.

Um 7. gr.

Hér er lagt til í samræmi við lög um eftirlaun til aldraðra að ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu lífeyris verði framlengt til ársloka 1989. Kveðið er á um að frá ársbyrjun 1985 miðist lífeyrisfjárhæðir hvers mánaðar við grundvallarlaun samkvæmt 2. mgr. 11. gr. eins og þau eru í byrjun hvers mánaðar. Undanfarin ár hafa lífeyrisfjárhæðir breyst ársfjórðungslega og á þeim tímum árs er verðbætur á laun breyttust. Forsendur þeirrar tímasetningar eru nú fallnar brott. Sú mánaðarlega endurskoðun fjárhæða, sem hér er gerð tillaga um, felur í sér nokkra kjarabót fyrir lífeyrisþega þar sem með þessu er tryggt að þeir njóti umsaminna launahækkana með sem minnstri töf.